

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hljómfræði F2

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: F1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Hljómfærsla með sjöundarhljómunum í moll er meginviðfangsefnið í upphafi og vinnsla hljómakorta með þeim. Sem fyrr er í aðalatriðum stuðst við nálgun Arnolds Schönbergs á því efni. Síðan er farið í aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma. Raddfærsla með þeim er unnin bæði með gefnum bassa með og án tölusetningar og gefnum sópran.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig með sjöundarhljómar í moll eru meðhöndlaðir í raddfærslu og vinnslu hljómakorta með þeim. Hann þekki sömuleiðis aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma og það háttalag sem tíðkast þegar þeir eru raddfærðir. Hann geti greint ofangreinda hljóma í nótnaskift. Þá kunnir hann skil á tölusettingum bassa með þessum hljómunum.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að greina sjöundarhljóma auk þríhljóma í öllum gerðum molls í hvaða molltóntegund sem er. Ennfremur að byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman. Hann skal líka hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort. Þá þarf nemandi að hafa lipur tók á því að nota aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma í þeirri flóru hljóma sem hann hefur nú tileinkað sér. Og hafa náð leikni í greiningu og notkun tölusetts bassa með þeim.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í raddskrá með díatónískum sjöundarhljómunum í moll og aukaforhljómunum og aukaminnkuðum hljómunum. Nemandinn er líka að nálgast það að hafa langstærstan hluta hljóma í almennri notkun í vestrænni tónlist á valdi sínu.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Sjöundarhljómar í moll og vinnsla hljómakorta með þeim.	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Sjöundarhljómar í moll - hljómakort og raddfærsla með þeim í grunnstöðu og hljómhvörfum.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Sjöundarhljómar í moll - hljómaraðir með þeim	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Sjöundarhljómar í moll - hljómaraðir með þeim	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Skriftarvenjur í tölusettum bassa. Aukaforhljómar.	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Aukaforhljómar og raddfærsla með þeim. Gefinn tölusettum bassa.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (17. – 21. Okt 2022)	Aukaforhljómar - ein rödd gefin.	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Aukaforhljómar frh.	
9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)	Aukaminnkaðir hljómar og raddfærsla með þeim. Tölusettur bassi tengdur aukaminnkuðum hljómunum.	
10. vika (7. – 11. Nóv 2022)	Aukaminnkaðir hljómar með gefinni rödd.	
11. vika (14. – 18. Nóv 2022)	Aukaminnkaðir hljómar frh.	
12. vika (21. – 25. Nóv 2022)	Aukaminnkaðir hljómar frh.	
13. vika (28. Nóv – 2. Des 2022)	Sjöundarhljómar molls rifjaðir upp og raddfærsla með þeim	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9. Des 2022)	Námsefnið áfangans rifjað upp og sýnispróf skoðað. Sýnispróf úr námsefninu skoðuð	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Sýnispróf úr námsefninu skoðuð frekar	
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf